

Velkomin í Smábarnateymi Ráðgjafar- og greiningarstöðvar



Kæru foreldrar

Velkomin í þjónustu til okkar á Ráðgjafar- og greiningarstöð (RGR). Við bjóðum upp á einstaklings- og fjölskyldumiðaða þjónustu sem ræðst af þörfum og óskum hversrar fjölskyldu. Við veitum eftirfylgd og ráðgjöf til ykkar og hvetjum til samstarfs þeirra aðila sem koma að þjónustu við barnið og fjölskylduna. Ykkur er velkomið að hafa samband þegar upp koma spurningar eða vangaveltur um þjónustu, réttindi eða annað. Við erum hér fyrir ykkur og barnið ykkar.



Smábarnateymi

Yngstu börnin eru í þjónustu hjá smábarnateymi. Þjónustan felur í sér snemmtæka íhlutun, ráðgjöf og eftirfylgd. Markmiðið er að hafa jákvæð áhrif á þroskaframvindu og framtíðarhorfur barnsins og fræða og styrkja foreldra.

Í fyrstu heimsókn hitta barn og foreldrar barnalækni og félagsráðgjafa. Í kjölfar þeirrar heimsóknar eru næstu skref ákveðin í samráði við foreldra. Ef barnið er ekki byrjað í leikskóla er boðið upp á íhlutun hjá þroskaþjálfara. Íhlutunin felur m.a. í sér markvissa þjálfun fyrir barnið og ráðgjöf til foreldra. Metið er hverju sinni hversu ört barnið mætir í þjálfun. Fjölskyldur af landsbyggðinni eru hvattar til að hafa samband við okkur ef Reykjavíkurförð er fyrirhuguð til að athuga hvort nýta megji ferðina í heimsókn á RGR.

Lögð er áhersla á að fjölskyldan hafi greiðan aðgang að starfsfólki smábarnateymis og geti leitað til sinna tengiliða eftir ráðgjöf og upplýsingum.

Ykkar tengiliður er _____

Jafnan er boðið upp á þverfaglega athugun á milli tveggja og þriggja ára aldurs þar sem þroskastaða barnsins er metin formlega. Staðan er þó metin hverju sinni og stundum er athugun gerð síðar.

Þið gætuð átt rétt á:

- Umönnunargreiðslum.
- Umönnunarkorti.
- Niðurgreiðslu á bleyjum eftir 3 ára aldur.
- Greiðslum vegna ferðakostnaðar fyrir fjölskyldur af landsbyggðinni.
- Aðild að viðeigandi félagi, s.s. Einstökum börnum og Umhyggju.
- Stuðningsþjónustu sveitarfélags: Ráðgjafi í málefnum fatlaðra hjá viðkomandi sveitarfélagi veitir upplýsingar og ráðgjöf um stuðning.
- Niðurfellingu bifreiðagjalda.
- Stæðiskorti (P-merki).
- Sérmerktu bílastæði: Umsókn fer í gegnum viðeigandi sveitarfélag.
- Forgangi á leikskóla (jafnvel fyrir systkini).
- Bifreiðastyrk TR.

Félagsráðgjafi á RGR veitir nánari upplýsingar um réttindi

Á heimasíðu Ráðgjafar- og greiningarstöðvar, www.rgr.is, er að finna ýmsan fróðleik auk yfirlits yfir þau námskeið sem haldin eru á hverri önn.